



**79. fundur Fjölskylduráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 29. ágúst 2023
og hófst hann kl. 12:30**

Fundinn sátu:

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eypórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Einar Freyr Guðmundsson varamaður, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri, Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri, Þórunn Bylgja Borgþórsdóttir íþrótt- og æskulýðsstjóri, Stefanía Malen Stefánsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs og Marta Wium Hermannsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, Júlía Sæmundsdóttir og Bylgja Borgþórsdóttir, fræðslustjóri, félagsmálastjóri og íþrótt- og æskulýðsstjóri

Dagskrá:

1. 202209205 - Gjaldskrár 2023

Eftirtalдар gjaldskrár fyrir skólaárið 2023-2024 liggja fyrir til samþykktar. Listadeildin Seyðisfjarðarskóla, Tónlistarskólinn á Egilsstöðum, Tónlistarskólinn í Fellabæ og Tónlistarskólinn á Djúpavogi.

Búið er að samræma systkinaafslátt milli tónlistaskólanna og hækka gjöld um 3,5%. Fjölskylduráð felur fræðslustjóra að fara í heildarendurskoðun á gjaldskrár skólanna.

Fjölskylduráð samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrár með handauppréttingu.

2. 202306009 - Skóladagatöl leikskóla 2023-2024

Fyrir liggur skóladagatal leikskóladeildar Seyðisfjarðarskóla, fyrir skólaárið 2023-2024. Búið er að kynna það fyrir starfsfólki leikskóladeildar.

Fjölskylduráð samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi leikskóladagatal leikskóladeildar Seyðisfjarðarskóla.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3. 202307040 - Fjöldi leikskólabarna skólaárið 2023-2024 og biðlisti yngstu barnanna eftir leikskólapláss í júlí 2023

Fyrir liggur minnisblað með hugmyndum um opnun nýrrar deildar fyrir yngstu börnin sem ekki fá leikskólapláss á Fljótsdalshéraði.

Málið áfram í vinnslu.



4. 202304201 - Tillaga um daggæsluframlag til foreldra

Fyrir liggja uppfærðar reglur á daggæsluframlagi til foreldra. Jafnframt liggur fyrir hugmynd að heimgreiðsluframlagi til foreldra, kjósi þeir að vera heima með barnið sitt í stað þess að þiggja leikskólapláss.

Breytingar á reglum um daggæsluframlag til foreldra felast í staðfestri umsókn um leikskólapláss í umsóknarkerfi sveitarfélagsins. Jafnframt vill fjölskylduráð skoða möguleika á hækkun daggæsluframlags til foreldra við fjárhagsáætlunargerð í haust.

Meirihluti fjölskylduráðs telur ekki tímabært að koma á heimgreiðslum til foreldra sem kjósa að vera með börn sín heima þar sem ekki er gert ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun ársins 2024.

Reglur um daggæsluframlag eru samþykktar samhljóða með handauppréttingu og vísar fjölskylduráð þeim áfram til sveitarstjórnar til staðfestingar.

Eftirtaldir fulltrúar í fjölskylduráði hafna afgreiðslu fjölskylduráðs á heimgreiðslum (ÁMS, JHP).

5. 202305063 - Þjónustusamningur vegna náms barna með lögheimili í Fljótsdalshreppi

Fyrir liggur uppfærður þjónustusamningur vegna náms barna með lögheimili í Fljótsdalshreppi.

Fjölskylduráð samþykkir þjónustusamninginn fyrir sitt leyti og vísar honum til sveitarstjórnar til samþykktar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202308147 - Beiðni um skólaakstur

Fyrir liggur erindi frá Birnu Sólrúnu Andrésdóttur, dagsett 24. ágúst 2023. Í erindinu er óskað eftir skólaakstri frá heimili sem er í dreifbýli að skóla.

Fjölskylduráð samþykkir með vísan til 1. greinar reglna um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009, beiðni um skólakstur og er fræðslustjóra falið að koma honum á. Horfa þarf til öryggis barna í umferðinni þegar þau ferðast á milli skóla og heimilis.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

7. 202012045 - Skýrsla fræðslustjóra

Fræðslustjóri fór yfir skýrslu fræðslustjóra

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:17

